

Álagning fasteignagjalda í Mosfellsbæ 2025

Álagning fasteignagjalda byggir á gildandi fasteignamati allra fasteigna eins og það er í janúar ár hvert. Álagning fasteignagjalda fer fram á vegum fjármála- og áhættustýringarsviðs Mosfellsbæjar sem einnig hefur umsjón með leiðréttingum, reikningagerð og innheimtu. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti á 862. fundi sínum að álagning fasteignagjalda 2025 verði sem hér segir:

Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A - skattflokkur

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

Fasteignaskattur A	0,200%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,070%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,089%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga A	0,310%	af fasteignamati lóðar
Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs	kr. 25.353 pr. íbúð	
		auk gjalds pr. ílát skv. gjaldskrá

Fasteignagjöld stofnana: B - skattflokkur

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Fasteignaskattur B	1,320%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,070%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,089%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga B	1,100%	af fasteignamati lóðar

Fasteignagjöld annars húsnæðis: C - skattflokkur

Aðrar fasteignir en falla undir A og B flokk t.d. verslanir, iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði

Fasteignaskattur C	1,495%	af fasteignamati húss og lóðar
Vatnsgjald	0,070%	af fasteignamati húss og lóðar
Fráveitugjald	0,089%	af fasteignamati húss og lóðar
Lóðarleiga C	1,100%	af fasteignamati lóðar

Yfirlit yfir gildandi gjaldskrár Mosfellsbæjar má finna á vef bæjarins, mos.is/gjaldskrar.

Birting álagningar, gjalddagar og greiðsla fasteignagjalda

Álagning er birt rafrænt á island.is og Mínum síðum Mosfellsbæjar, minarsidur.mos.is. Fasteignagjöld skiptast á tíu gjalddaga frá 1. febrúar til 1. nóvember. Eindagi fasteignagjalda er þrjátíu dögum eftir gjalddaga og fellur allur skattur ársins í gjalddaga ef vanskil verða. Sé fjárhæð fasteignagjalda undir kr. 40.000 er gjalddagi þeirra 1. febrúar.

Fasteignagjöld má greiða í banka, netbanka eða með boðgreiðslum á greiðslukort.

Álagning fasteignaskatts er kæránleg til yfirfasteignamatsnefndar og skal kæra borin fram innan þriggja mánaða frá álagningu.

Afsláttur af fasteignagjöldum til elli- og örorkulífeyrisþega

Afsláttur til tekjulágra elli- og örorkulífeyrisþega er reiknaður sjálfkrafa í samvinnu við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og Ríkisskattstjóra. Það þarf því ekki að sækja um afsláttinn sérstaklega. [Reglur um afslátt af fasteignagjöldum](#) má finna á vef Mosfellsbæjar.

Tekjumörk elli- og örorkulífeyrisþega eru sem hér segir:

2025 Afsláttur	Tekjur einstaklinga 2023		2025 Afsláttur	Tekjur samskattaðra einstaklinga 2023	
	Frá	Til		Frá	Til
100%		6.704.999	100%		8.715.999
80 %	6.705.000	7.115.999	80 %	8.716.000	9.250.999
60 %	7.116.000	7.553.999	60 %	9.251.000	9.820.999
40 %	7.554.000	8.017.999	40 %	9.821.000	10.421.999
20 %	8.018.000	8.508.999	20 %	10.422.000	11.061.999

Nánari upplýsingar fást hjá Mosfellsbæ í síma 525-6700 eða á netfanginu mos@mos.is